

Ársskýrsla Kirkjubóls

vegna skólaársins

2018 – 2019



Júní 2019
Ásta Kristín Valgarðsdóttir
Leikskólastjóri

EFNISYFIRLIT

ÚTDRÁTTUR	2
INNGANGUR.....	3
INNRA STARF	3
EINKUNNARORÐ OG ÁHERSLUR	3
FJÖLGREINDIR	3
LÆSI.....	4
LUBBI FINNUR MÁLBEIN	4
VINÁTTUVERKEFNI BARNAHEILLA	4
STARF ELSTU BARNA.....	4
FLUTNINGUR Á MILLI DEILDA	5
BÖRN VIKUNNAR	5
KARELLEN.....	6
SAMSTARF Á MILLI DEILDA.....	6
SAMSTARF VIÐ AÐRA.....	6
VIÐBURÐIR OG FERÐIR	6
MAT Á INNRA STARFI ÚT FRÁ STARFSÁÆTLUN	7
MATSÞÆTTIR ÚT FRÁ MATSÁÆTLUN.....	7
NÝBREYTNÍ OG ÞRÓUNARVERKEFNI	7
NÝBREYTNÍ Í STARFI	7
MANNAUÐUR LEIKSKÓLANS	8
MENNTUN OG FJÖLDI.....	8
STARFSÞRÓUN	8
BARNAHÓPURINN	8
TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR	8
STOÐPJÓNUSTA	9
FORELDRASAMSTARF.....	9
SAMTÖL, FUNDIR OG VIÐBURÐIR.....	9
KANNANIR.....	10
FORELDRAFÉLAG OG RÁÐ	10
ÖRYGGISMÁL.....	11
SLYSASKRÁNING.....	11
EFTIRLIT.....	11
HÚSNÆÐI OG VIÐHALD	12
LOKAORÐ.....	13

ÚTDRÁTTUR

Einkunnarorð leikskólans eru virðing, væntumþykja og vinátta sem endurpeglast í daglegu starfi og samskiptum barna og starfsfólks. Áherslur skólans eru umhverfi, sköpun og lífsleikni sem er rauður þráður í starfinu okkar alla daga, ásamt frjálsa leiknum því leikurinn er undirstaða alls náms í leikskóla og fær hann mikið vægi í skólanum.

Unnið var eftir starfsáætlun vetrarins og vannst sú vinna vel. Kirkjuból starfar eftir fjölgreindarkenningu Howards Gardner. Leikskólinn vinnur með málgreindina alla daga og skiptist önnur greindarvinna upp í fjögur tímabil:

- Samskipta- og sjálfsþekkingargreind
- Tónlistargreind
- Rök, rýmis og stærðfræðigreind
- Umhverfis og hreyfigreind

Í vetur var unnið markvisst með verkefnið, Lubbi finnur málbein ásamt því að vinna með læsi í gegnum, sögur, sögugerð, tjáningu, markvissa málörvun og hlustun. Einnig var unnið með vináttuverkefni Barnaheilla sem leggur áherslu á vináttuna, jákvæð samskipti, vinsemd og virðingu fyrir fjölbreytni í nemendahópnum. Að auki fara elstu börnin í markvisst starf sem mótast af vinnustundum þar sem lagt er upp með læsi, stærðfræði og þáttum sem undirbúa börnin fyrir næsta skólastig. Gott samstarf hefur myndast við aðra í tengslum við hefðir í skólanum og mikið var um áhugaverða viðburði og ferðir.

Leikskólinn hefur unnið með þróunarverkefnið „Heilbrigð sál í hraustum líkama“, en það er samvinnuverkefni með leikskólanum Bæjarbóli sem tekur á hreyfingu starfsfólksins og breyttu sniði á kaffitímum. Auk þess fékk skólinn úthlutað fyrir tvö önnur þróunarverkefni fyrirsíðasta skólaár.

- Babblarnir, er málörvunarverkefni fyrir börn á leikskólaaldri og þau sem eiga erfitt með að tileinka sér tungumálið.
- Sögupokar, er verkefni til að auka áhuga barnanna á sögugerð og læsi.

Í skýrslunni eru einnig tölulegar upplýsingar um börn og starfsmannahópinn. Komið er inn á nýbreytni í starfinu og foreldrasamstarf þar sem birtar eru niðurstöður úr foreldrakönnun ásamt niðurstöðum úr starfsmannakönnun vegna heilsuverkefnis.

Hafnar eru breytingar á húsnæði skólans og áætlað er að þeim ljúki í lok nóvember 2019.

INNGANGUR

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 skal leikskólastjóri gera rekstraraðilum og sveitarstjórn grein fyrir starfsemi leikskóla í ársskýrslu leikskólans ár hvert. Ársskýrsla þessi tekur til skólaársins 2018 til 2019 og byggir að miklu leyti á starfsáætlun skólaársins, endurmati starfsmannahópsins og starfsmannasamtölum sem tekin voru í vor, ásamt tölulegum upplýsingum og úrvinnslu foreldrakönnunar sem var á vegum Skólapúlsins í vor.

INNRA STARF

Innra starf leikskólans er í samræmi við Aðalnámsskrá leikskóla. Helstu þættir sem unnið er með, eru settir upp innan námssviða leikskóla og tengdir fjölgreindum.

Umfjöllun um innra starf er tengd við starfsáætlun Kirkjubóls fyrir skólaárið. Þar er meðal annars stuðst við endurmat frá starfsfólki, sem framkvæmt var á sameiginlegum starfsmannafundum fyrir haustönn og vorönn.



EINKUNNARORÐ OG ÁHERSLUR



Einkunnarorð leikskólans eru: virðing, væntumþykja og vinátta sem eiga að endurspeglast í daglegu starfi og samskiptum barna og starfsfólks. Áherslur skólans eru, umhverfi, sköpun og lífsleikni, sem eru rauður þráður í starfinu okkar alla daga ásamt frjálsa leiknum, sem er mikilvægasta námsleið barnanna.

FJÖLGREINDIR

Undanfarin ár hefur verið unnið með fjölgreindakenningu Howards Gardner. Í september og október tókum við fyrir sjálfsþekkinga- og samskiptagreind, í nóvember, desember og janúar var það tónlistargreind, í febrúar og mars var það rök-, rýmis- og stærfræðigreind, við enduðum svo á að taka fyrir umhverfis- og hreyfigreind í apríl og maí. Unnið var með málgreindina alla daga í öllu daglegu starfi.

Fjölgreindadagar voru haldnir á hverju tímabili, þar var unnið í stöðvavinnu á hverri deild og unnu börn og starfsfólk þá saman þvert á deildar. Fjölgreindadagar eru góðir til að gefa börnunum tækifæri til að kynnast leikskólanum sínum betur og hitta starfsfólk allra deilda. Starfsfólkið líkt og börnin fékk jafnframt tækifæri til að velja stöðvar eftir áhuga og skipuleggja útfærslu á þeim verkefnum sem voru í boði.



LÆSI

Í vetur var unnið með sögur, sögugerð, tjáningu, markvissa málörvun og hlustun. Sögustundir féllu nánast aldrei niður og á elstu deild voru allar sögur skráðar á hringform og hengdar upp á vegg í bókaorm sem náði yfir alla deildina í lok vetrar. Einnig var um vorið farið að lesa framhaldssögur á deild elstu barna og þar var einnig unnið með sögugerð þar sem börnin teiknuðu myndir úr sögunum og gerðar voru sögubækur með teikningum barnanna. Börnin æfðu einnig leikræna tjáningu og endursögn í samverustundum. Vettvangsferðir voru notaðar í læsisvinnu þar sem börnin teiknuðu verk út frá sinni upplifun. Reglulega var Bókasafn Garðabæjar heimsótt, börnin fóru í minni hópum og fengu bækur að láni til að lesa í sögustundum í leikskólanum og nota á fjölbreytilegan hátt í önnur verkefni.

LUBBI FINNUR MÁLBEIN

Á öllum deildum var unnið með málörvunarverkefnið, Lubbi finnur málbein, sem er verkefni þar sem verið er að leggja inn hljóð bókstafanna. Farið var í markvissar Lubbastundir þar sem hljóð og stafir voru kynnt í leikjaformi. Elstu börnin gerðu Lubbabók þar sem hvert hljóð fékk að njóta sín eftir hverja vinnustund. Á yngstu deildinni var byrjað að vinna eftir áramót í markvissum Lubbastundum. Mikið var leikið með stafi og hljóð í fjölbreyttum aðstæðum, eins og t.d. við matarborðið, í fataherbergi, í samverustundum og frjálsum leik.



VINÁTTUVERKEFNI BARNAHEILLA

Unnið var markvisst með vináttuverkefnið á öllum deildum leikskólans á mismunandi hátt eftir aldri barnanna. Börnin fara í vinastundir í hverri viku í minni hópum þar sem unnið er með verkefnið og vináttu, vinsemd og virðing eru rædd. Öll börn í leikskólanum eiga vinabangsa og eru þeir alltaf aðgengilegir. Mikilvægt er að hefja forvarnarstarf strax á leikskólastigi með því að vinna með góðan skólabrag, jákvæð samskipti, vinsemd og virðingu fyrir fjölbreytileika í nemendahópnum.



STARF ELSTU BARNA

Börnin fóru í vinnustundur einu sinni í viku. Unnið var með stærðfræðibækurnar, „Í talnalandi“ ásamt áherslu á almenna hlustun, einbeitingu, eftirtekt, frumkvæði og tjáningu. Einnig var áhersla lögð á að fara eftir fyrirmælum, hlusta og taka tillit til annarra í hópavinnu.

Í vetur fórum við með börnin vikulega í fimleikasalinn í Ásgarði í markvissar hreyfistundir. Lögð er áhersla á fín- og grófhreyfingar, leiki og almennt hreysti. Börnin taka með sér íþróttaföt til að efla þau í



sjálfhjálp og auðvelda þeim æfingarnar í þægilegri klæðnaði. Telja má að það auki öryggi barnanna að þekkja sig í nýja skólaumhverfinu þegar þau byrja í 1.bekk.

Brúum bilið, er samstarfsverkefni á milli skólastiga. Flataskóli er okkar samstarfsskóli og gerður var samstarfssamningur á haustönn milli skólanna. Samningurinn felur í sér heimsóknir milli elstu barnanna í leikskólanum og barnanna í 1. bekk í Flataskóla. Börnin fóru í vorskóla í Flataskóla, Hofstaðaskóla og Sjálandsskóla þar sem foreldrar fylgdu sínum börnum.

Einnig var samstarf við aðra þar sem börnin fóru á hina ýmsu viðburði, til að mynda var þeim boðið á tónleika hjá Sinfóníunni í október á verkið „Drekinn innra með mér“ Einnig var þeim boðið í Þjóðleikhúsið á sýninguna „Brúðukistan“ í október. Í desember fóru börnin í Sívertsenhús að skoða og fræðast um jólahald á árum áður. Börnin fóru í Umferðaskólann í maí sem haldinn var í Kirkjubóli. Skólaárinu lauk með formlegri útskrift og útskriftarferð í Vatnaskóg og að því loknu fluttum við börnin á milli deilda þar sem elstu börnin fengu aðstöðu í Kirkjuhvoli að þessu sinni vegna framkvæmda við skólann, en eins og áður köllum við þá deild, Ævintýraland.

FLUTNINGUR Á MILLI DEILDA

Flutningar á milli deilda fóru fram í byrjun júní. Þegar flutningar fóru fram var ekki vitað með vissu hvaða börn yrðu áfram hjá okkur í haust þar sem nokkur börn höfðu óskað eftir flutningi í leikskóladeild í Flataskóla. Það eru nokkrir ókostir að flytja börn á milli deilda í byrjun sumars sem snúa þá að þeirri óvissu um það hvaða börn verði áfram hjá okkur að hausti, líkt og gerðist þetta vorið. Leikskólinn er þriggja deilda skóli með aldurskiptar deildar og flytjast börn á milli deilda eftir því hversu mörg pláss losna á deild elstu barnanna. Í ár losnuðu 12 pláss á elstu deild og í hluta þeirra fóru fjögur börn á eldra ári og því eingöngu 8 pláss fyrir börn fædd 2015 þar. Síðasta vetur voru 21 barn fædd 2015 í skólanum og því þurfti að skipta árganginum upp líkt og við höfum gert áður. Nokkrir foreldrar ákváðu að flytja börnin sín í Flataskóla eins og áður hefur komið fram. Við teljum að kostir þess að flytja börnin á milli deilda í byrjun sumar séu fleiri en ókostir og snúa þeir að mestu um það að börnin verði búin að aðlagast vel áður en þau fari í sumarleyfi og haustið verður léttara. Því er hægt að byrja skipulagt starf fljótlega í september.

BÖRN VIKUNNAR

Verkefnið hefur verið á elstu deildinni og hafa tvö börn í viku verið „börn vikunnar“ Þau fá að sinna ýmsum verkefnum á deildinni, t.d. að vera dagastjórar, veðurfræðingar, baðherbergisstjórar, forstofustjórar ásamt öðrum verkefnum. Börnin fá að vera „börn vikunnar“ bæði fyrir og eftir áramót en til viðbótar við verkefni eftir áramót komu börnin í viðtal til leikskólastjóra þar sem lagðar voru fyrir þau fyrirfram ákveðnar spurningar tengdar verkefni og starfinu í skólanum. Svör barnanna voru sett í ferillbækur þeirra.



KARELLEN



Við vinnum með samskipta- og skráningarkerfið Karellen, sem er vefkerfi og er hannað fyrir snjalltæki. Það er enn í þróun og alltaf verið að bæta það til að auðvelda starfsfólki leikskóla að vinna með það í framtíðinni. Í kerfinu gefst foreldrum kostur á að skrá barn í fjarveru eða senda skilaboð á deild barnsins. Kerfið heldur einnig utan um myndir af börnunum sem foreldrar geta hlaðið niður sér til eignar.

SAMSTARF Á MILLI DEILDA

Mikilvægt er að horfa á leikskólann sem eitt hús, einn vinnustað þar sem starfsfólk hjálpast að og vinnur saman að sameiginlegum markmiðum. Samstarfið jókst enn meira í ár þar sem unnið var þvert á deildar með eldri árgangana. Haldnir voru sameiginlegir fagnaðarfundir í salnum þar sem börn og starfsfólk kom saman í söng og leik. Haldin var vinavika í haust sem endaði með vinabíó þar sem eldri börn buðu með sér yngri börnum í sal skólans að horfa á vinamynd. Samstarf á milli deilda er einnig á fjölgreindardögum og öðrum sameiginlegum viðburðum. Lagt var upp með að hugsa í lausnum og leysa þau verkefni sem upp koma í skólanum með samvinnu og jákvæðni að leiðarjóni.

SAMSTARF VIÐ AÐRA

Okkar heimaskóli er Flataskóli og höfum við átt gott samstarf með þeim í vetur ásamt öðru samstarfi eins og við aðra leikskóla og stofnanir í bænum. Við vorum í samstarfi við Bæjarból með þróunarverkefnið, „Heilbrigð sál í hraustum líkama“ í vetur. Við fengum til okkar tvo leikskólakennaranema á fyrsta ári frá HÍ á vorönn. Við tókum þátt í verkefni á vegum Háskóla Íslands og Heyrnar- og talmeinastöðvarinnar, sem vinna að gerð nýs málþroskaprófs sem staðlað verður á landsvísu og nefnist *Málfærni eldri leikskólabarna (MELB)*.

VIÐBURÐIR OG FERÐIR

Við höldum í hefðir og hátíðir og vorum með nokkra fasta viðburði yfir árið, eins og t.d. Bangsa- og náttfatadagur, rauður dagur, rafmagnslaus dagur, blár dagur, rugldagur, tannverndarvika, forvarnarvika, útskrift og sumarhátíð, piparkökubakstur, kirkjuferð, jólaball, ferð í Árbæjarsafn og Sorpuferð ásamt öðrum föstum liðum sem hafa komið fram hér í skýrslunni. Árlegi hjóladagurinn féll niður vegna framkvæmda á húsnæði skólans.



MAT Á INNRA STARFI ÚT FRÁ STARFSÁÆTLUN

Unnið var eftir starfsáætlun vetrarins og framkvæmt endurmat á starfinu bæði eftir haust- og vorönn í formi spurningarlista og umræðna starfsmanna. Ef gera þurfti breytingar út frá endurmati var þeim fylgt eftir strax. Lubbastundir voru metnar af rýnihóp barna í elstu tveimur árgöngunum í formi spurningalista og í viðtölum við leikskólastjóra. Mikilvægt er að raddir barnanna fái einnig að njóta sín í endurmati á starfinu.



MATSPÆTTIR ÚT FRÁ MATSÁÆTLUN

Tvær utanaðkomandi kannanir voru unnar í vetur, önnur var á vegum Skólapúlsins þar sem öllum foreldrum var boðið að taka þátt og hin á vegum verkefnisstjóra Heilsuverkefnisins hjá starfsfólkinu. Niðurstöður úr könnun Heilsuverkefnisins voru almenn ánægja með hreyfingu á vinnutíma og fyrirkomulagið á kaffitímum. Samkæmt niðurstöðum úr könnun Skólapúlsins er skólinn að standa sig svipað og í síðustu könnun en þó eru nokkrir þættir sem skera sig úr. Starfsmönnum voru kynntar niðurstöðurnar úr könnun Skólapúlsins á starfsmannafundi, foreldraráð fékk kynningu á niðurstöðum á fundi með leikskólastjóra og foreldrar fengu niðurstöður í maí fréttabréfi skólans og einnig í sér tölvupósti. Ýtarlegri niðurstöður Skólapúlsins eru kynntar í foreldraakafnanum hér á eftir. Því miður náðist ekki að framkvæma mat á aðkomu foreldra að viðburðum skólans og foreldrasamtölum. Þessum tveimur matsþáttum verður því fylgt eftir á næsta skólaári.

NÝBREYTNÍ OG ÞRÓUNARVERKEFNI

Það er mikilvægt að auðga starfið með nýbreytni og þróunarverkefnum. Garðabær úthlutar úr þróunarsjóði leikskóla einu sinni á ári og fengum við úthlutað fyrir þrjú verkefni vorið 2018. Ekki hefur náðst að ljúka tveimur af þeim sökum þess að verkefnastjóri lét af störfum. Þetta eru verkefni: Babblarnir, sem er málörvunarverkefni og Sögupoka verkefnið. Þriðja verkefnið, Heilsuverkefnið, Heilbrigð sál í hraustum líkama vannst vel í vetur og snéri það verkefni að breytingu á kaffitímum starfsfólks, hreyfingu starfsmanna á vinnutíma og vinnu við að gera starfsumhverfið betra í skólanum. Í ár sáum við okkur ekki fært um að sækja um önnur þróunarverkefni heldur viljum við reyna að klára þau sem fyrir eru.

NÝBREYTNÍ Í STARFI

- Í Lubbastundum í vetur var unnið með eitt hljóð/staf í viku. Lubbastundir tengdust heimilum í ár á elstu deild þar sem börnin komu með hlut að heiman sem tengdist hljóði/staf vikunnar.
- Samstarf á milli deilda jókst enn meira með sameiginlegum Lubbastundum í næst elsta árgangi þar sem elstu börnin á miðdeild komu í Lubbastundir á elstu deild. Einnig fóru þau í skipulagðar hreyfistundir með elstu deildinni í Ásgarð í vor.
- Hugað var að hljóðvist með kaupum á hljóðsokkum á alla stóla skólans.
- Kynningarfundur fyrir nýja foreldra var haldinn í hádegi á fjórða degi í aðlögun þar sem starfsemi leikskólans var kynnt og farið yfir önnur mál sem snúa að starfinu.

- Vegna nýrra laga um persónuvernd var farið í að vinna vinnsluskrá til að auka öryggi viðkvæmra upplýsinga og stóð Garðabær fyrir námskeiði fyrir allt starfsfólk leikskólans.

MANNAUÐUR LEIKSKÓLANS

MENNTUN OG FJÖLDI

Hinn 1. desember 2018 voru 21 starfsmenn í 18,66 stöðugildum í leikskólanum, auk tímavinnufólks. Sérkennslustjóri var ekki starfandi á þessum tíma og starfsfólkið skiptist þannig:

- 8 leikskólakennarar, af þeim tveir í tímavinnu
- 16 leiðbeinendur, þar af tveir í tímavinnu.
- 1 matráður

Starfsfólk átti rætur að rekja til 5 landa sem eru: Filippseyjar, Mauritius, Rússland, Írland og Ísland.

Hlutfall fagfólks hefur hækkað frá því í desember og eru í dag 10 starfandi leikskólakennarar, þar af tveir sem eru í tímavinnu.

STARFSÞRÓUN

Á þessu skólaári var búið að setja upp mikið úrval námskeiða/fyrirlestrar fyrir leikskóla í Kraganum sem starfsfólk hafði möguleika á að taka þátt í. Reynt var að senda að lágmarki tvo á hvert námskeið og voru þau fjölbreytt og áhugaverð. Auk Kraganámskeiða sótti hluti starfsfólksins önnur áhugaverð námskeið til að auðga starfið. Við fengum einnig námskeið í skólann fyrir allt starfsfólk skólans á skipulagsdegi í september. Þá kom sálfræðingur frá Greiningastöðinni með fyrirlestur um börn með sérþarfir. Á starfsmannafundi í nóvember fékk starfsfólk tónlistarnámskeið frá Birte Harksen sem kom einnig með tónlistarnámskeið fyrir börnin eftir áramót. Á skipulagsdegi í nóvember fengum við fræðslu frá launadeildinni um vinnustund. Á starfsmannafundi í apríl fengum við fræðslu um líkamsbeitingu og vinnustöðu frá Kírópraktastofu Íslands. Allt starfsfólk skólans tók þátt í Menntadegi Garðabæjar í október og sóttu ýmsar áhugaverðar málstofur. Tveir starfsmenn fóru á námskeið í TRAS, sem er skimunartæki í skráningu og málþroska barna sem Garðabær er að innleiða í alla leikskóla bæjarins. Auk þess fóru deildarstjórar í handleiðslu ásamt öðrum deildarstjórum í Garðabæ ca. 1x í mánuði í vetur.

BARNAHÓPURINN

TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR

Leikskólinn Kirkjuból tók til starfa 1. nóvember 1985. Fyrst voru börn ýmist í hálf dags- eða heilsdagsvistun en árið 1993 varð Kirkjuból eingöngu heilsdagsskóli og þá voru 54 börn í skólanum en í dag er pláss fyrir 61 barn á þremur deildum og eru drengir í nokkrum meirihluta hjá okkur. Hinn 1. desember 2018 voru 60 börn í 71,9 barngildum og með 487,5 dvalarstundir, þar af voru 38 drengir og 22 stúlkur.

- Alls var 1 stúlka fædd árið 2017
- Alls voru 12 börn fædd árið 2016, þar af voru 4 stúlkur og 8 drengir
- Alls voru 21 barn fædd árið 2015, þar af voru 7 stúlkur og 14 drengir
- Alls voru 13 börn fædd árið 2014, þar af voru 2 stúlkur og 11 drengir
- Alls voru 13 börn fædd árið 2013, þar af voru 8 stúlkur og 5 drengir

Barnafjöldinn skiptist á 3 deildar sem eru aldurskiptar.

- 17 börn á Holti – 4 fædd 2015 – 12 fædd 2016 – 1 fætt 2017
- 21 barn á Lundi – 4 fædd 2014 – 17 fædd 2015
- 22 börn á Heiði – 13 fædd 2013 – 9 fædd 2014

13 börn áttu rætur að rekja til 10 landa sem eru: England, Sri Lanka, Filippseyjar, Mexíkó, Tæland, Portúgal, Pólland, Frakkland, Þýskaland og Ísland. Tungumálin sem börnin tala auk íslensku eru: enska, shinghalíska, filippíska, spænska, pólska, portúgalska, franska og tælenska.

STOÐÞJÓNUSTA

Fimm börn fengu sérstakan stuðning sem starfsfólk við sérkennslu sinnu og að auki fengu 14 börn sérstaka handleiðslu hjá sérkennslustjóra sem snéri að málörvun, einbeitingu, þjálfun í fínhyfingum, grófhreyfingum og félagsfærni svo eitthvað sé nefnt. Ekki var sérkennslustjóri hjá okkur mest allt skólaárið þar sem sérkennslustjóri hætti í nóvember og nýr byrjaði í júní en frábært starfsfólk sinnti sérkennslu í vetur eins vel og það gat.

Samráðsfundir voru fimm á skólaárinu og voru haldnir annan hvern mánuð í Kirkjubóli. Á þeim fundum sat, leikskólastjóri, sérkennslustjóri, sérkennslufulltrúi, talmeinafræðingur og sálfræðingur.

Sálfræðingur kom að tveimur börnum hjá okkur og talmeinafræðingur kom að níu börnum.

Túlkþjónusta var notuð eftir þörfum en ekki var hægt að fá túlk á öllum þeim tungumálum sem við óskuðum eftir.

FORELDRASAMSTARF

Mikið er lagt upp úr óformlegum daglegum samskiptum við foreldra og stuðlað er að gagnkvæmum upplýsingum um börnin og starfið þar sem kennarar eru ávallt til taks ef ræða þarf málin. Sendir eru út vikupóstar frá hverri deild þar sem kemur fram hvað var gert í vikunni og hvað er framundan. Auk þess sendir leikskólastjóri út fréttabréf til foreldra í hverjum mánuði um það sem er á döfnni og aðrar fréttir.

SAMTÖL, FUNDIR OG VIÐBURÐIR

Hægt er að biðja um foreldrasamtal ef þurfa þykir hvenær sem er, en foreldrasamtöl eru í boði í október og mars. Í fyrra samtalinu gefst foreldrum tækifæri til að ræða líðan barns á nýrri deild ásamt öðrum málum sem þeim liggur á hjarta. Í seinna samtalinu er farið yfir stöðu barnsins í leik og námi ásamt öðru sem liggur fyrir á þeim tíma.

Í byrjun leikskólagöngu tekur leikskólastjóri samtál við foreldra áður en barnið byrjar þar sem farið er yfir mikilvæg atriði sem snúa að barninu og skólstarfinu.

Foreldrafundur var haldinn í september og var mæting nokkuð góð. Á tónlistarnámskeiðinu sem haldið var á vegum foreldrafélagsins var foreldrum boðið að taka þátt í síðasta tímanum. Börnin buðu foreldum sínum í aðventukaffi í desember. Feður komu í morgunmat á Bóndadegi og mæður í kaffi á Góunni, tengt Konudeginum. Á afmæli leikskólans í nóvember var ömmum og öfum boðið í heimsókn. Opið hús var í byrjun maí þar sem afrakstur vetrarstarfsins var sýndur og mörg falleg listaverk prýddu skólann. Foreldrar elstu barnanna var boðið í formlega útskrift í vor.

KANNANIR

Skólapúlsinn sá um foreldrakönnun í ár og var svarhlutfall 92,6%. Niðurstöður úr könnuninni voru eftirfarandi:

Daglegt leikskólastarf

- Ánægja með leikskólann 77,5 %, það sem dró okkur mest niður var húsnæði og aðstaða. Í síðustu könnun var það 79,6 %
- Stjórnendndur sýnilegir í daglegu starfi 88,2%, var í síðustu könnun 87,5 %
- Ánægja barnsins í leikskólanum 100% var í síðustu könnun 97,8 %
- Hæfilegur fjöldi barna á deild 95,8%, var í síðustu könnun 90,7 %
- Hollt mataræði 97,9%, var í síðustu könnun 94 %

Námsumhverfi

- Vinnubrögð 90,9%, það sem dró okkur mest niður var að við værum ekki að nota fjölbreyttar og sýnilegar leiðir til að safna og skrá þroska og námsferil barnanna. Í síðustu könnun var það 95,5 %
- Aðstaða 93,5% var í síðustu könnun 69,2 %
- Félagsleg samskipti 94,4%, var í síðustu könnun 100 %
- Þátttaka án aðgreiningar 95,8%, var í síðustu könnun 100 % - lágt svarhlutfall

Samskipti við foreldra

- Upplýsingamiðlun 64,3%, það sem dró okkur niður voru upplýsingar um viðfangsefni sem unnið er með á deildinni og að foreldrar fái ekki öll að heyra þegar barninu þeirra gengur vel. Í síðustu könnun var það 51 %
- Þekking á stefnu og námskrá leikskólans 76,1%, var í síðustu könnun 72,5 %
- Tengsl við starfsfólk leikskólans 91,7%, var í síðust könnun 98 %
- Hvatning til þátttöku í leikskólastarfinu 72,7%, var í síðustu könnun 80,9 %
- Tímasetning viðburða 83%, var í síðustu könnun 85,4 %
- Heimasíða leikskólans 67,7%, var í síðustu könnun 75 %

Upphaf og lok leikskólagöngu

- Leikskólabyrjun 90%. Í síðustu könnun var það 64,3 %
- Flutningur milli skólastiga 100% var í síðustu könnun 75 %
- Flutningur milli deilda 87,1%, var í síðustu könnun 78,6 %

FORELDRAFÉLAG OG RÁÐ

Við skólann er starfrækt öflugt foreldrafélag og foreldraráð sem er góður stuðningur við allt starf skólans og kosið er í þau á foreldrafundi að hausti. Í ár áttum við fulltrúa foreldra í leikskólanefnd Garðabæjar. Foreldrafélag hittist reglulega á fundum yfir veturinn en

foreldraráðið fundaði eftir þörfum. Í haust gerði foreldrafélagið facebook síðu fyrir foreldra við skólann sem er á þeirra vegum.

Foreldrafélagið bauð upp á ýmsa viðburði á árinu. Jólaleikrit í byrjun aðventunar og kom þá Þórdís Arnljótsdóttir með sýninguna um Grýlu og jólasveinana. Í janúar bauð foreldrafélagið upp á tónlistarkennslu sem Birte Harksen sá um. Foreldrafélagið stóð fyrir ýmsum viðburðum utan skólatíma, m.a. sund- og sleðaferðir. Sumarhátíð var haldin eins og undanfarin ár í garðinum í lok maí þar sem foreldrafélagið bauð upp á pylsur og skemmtiatriði frá Latabæ. Foreldrafélagið bauð einnig upp á útskriftarferð sem farin var í Vatnaskóg í ár.

ÖRYGGISMÁL

Mikilvægt er að huga að öllum öryggismálum í leikskólanum og í tengslum við það var framkvæmd brunaæfing á haustdögum þar sem skólinn var rýmdur og hver deild fór á sinn stað í garðinum.

SLYSASKRÁNING

- Alls voru skráð 11 slys á árinu þar af voru 10 hjá börnum og eitt hjá starfsmanni. Flest slysin á börnunum voru sem betur fer minniháttar, sex slys urðu í garðinum, eitt í vettvangsferð og þrjú slys innandyra. Í flestum tilvikum var um fall/hras að ræða og í nokkrum tilvikum þurfti tannlæknir að skoða barnið. Skoðað var hvort slysin væru á svipuðum tíma en slysin voru á bilinu frá kl. 8.20 til 16.25 og var ekki hægt að greina sérstakt munstur á þeim.
- Skráð var eitt slys hjá starfsmanni, sem skar sig á fingri og var frá vinnu í tæpar tvær vikur.

EFTIRLIT



- Slökkviliðið kom í árlegt eftirlit í september og öll slökkvitæki leikskólans yfirfarin ásamt öryggis- og eldvarnarkerfi leikskólans.
- Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins kom í heimsókn með fræðslu fyrir elstu börn leikskólans.
- Börnin á Heiði sinna eldvarnareftirliti í leikskólanum ásamt kennara einu sinni í mánuði
- Skipt hefur verið um flestar klemmuvarnir í skólanum.
- Garðurinn er genginn að morgni til að kanna aðstæður áður en börn fara út og skiptist sú ábyrgð á milli deilda.

HÚSNÆÐI OG VIÐHALD

Kirkjuból er rúmlega þrjátíu ára gamall og húsnæðið farið að láta nokkuð á sjá en byrjað var á framkvæmdum við stækkun á Kirkjubóli nú á vordögum sem færir okkur m.a. stærra og betra eldhús ásamt betri og stærri aðstöðu fyrir starfsfólkið. Stækkunin nemur tæpum 100 fermetrum og fæst með henni betri aðstaða í skólanum. Framkvæmdum er skipt upp í 4 áfanga og eru áætluð verklok í lok nóvember 2019.



Á árinu var farið í nokkra þætti sem snúa að viðhaldi á húsnæðinu og fleiru.

- Nýtt útileiksvæði fyrir yngstu börnin var tekið í notkun í september en það er aðeins lokið fyrsta áfanga í að gera endurbætur á lóð skólans. Næsti áfangi var settur á bið vegna framkvæmda við húsnæðið. Vonir standa til að því verki verði haldið áfram og lóðin kláruð sem fyrst því þar eru margar skemmtilegar hugmyndir á eins og til dæmis gervigras undir fótoltavöll, nýr kastali og nýtt undirlag. Mikið mæðir á svæðinu, mól er til ama og undirlag orðið lélegt. Malbikið er orðið sprungið og komin þörf á að bæta leiksvæði eldri barnanna.
- Skipt var um 11 glugga á árinu þar sem þeir voru fúnir. Vonir standa til að klárað verði að skipta um þá glugga sem eftir eru á næsta skólaári.
- Nokkur smáatriði hafa verið framkvæmd á árinu, eins og t.d. laga sírennsli í klósettum. Ofnar hafa verið ýmist mjög kaldir eða sjóðandi heitir og hefur fagaðili komið vegna þeirra. Því miður er enn verið að glíma við þennan vanda.
- Kallað hefur verið eftir framkvæmd vegna leka í vesturhluta þar sem gert var við þakkant í fyrra. Ekki hefur verið komið fyrir lekann.
- Nýtt símkerfi var sett upp í hluta hússins og lagnir fyrir nettengingar.
- Ljósleiðari var tengdur.
- Starfsfólk skólans málaði útileiktæki og snyrti til á lóðinni.



LOKAORÐ

Unnið var vel eftir starfsáætlun í vetur og hefur leikskólinn undanfarin ár smám saman verið að byggja upp fasta þætti í starfinu og vinnubrögðum. Mikil tilhlökkun ríkti í starfsmannahópnum að taka þátt í nýjum þróunarverkefnum en því miður féll það að mestu um sjálft sig þegar verkefnastjórinn hætti í nóvember. Á móti gekk heilsuverkefnið vel og var almenn ánægja meðal starfsmanna með breytt fyrirkomulag á kaffitímum.

Í starfsmannasamtölum kom fram að starfsmannahópurinn er að þjappast saman með aukinni gleði og jákvæðni. Mikil tilhlökkun er vegna framkvæmda við stækkun skólans en jafnframt nokkur kvíði í hópnum vegna þeirra.

Í foreldrakönnun á vegum Skólapúlsins kom í ljós að bæta megi húsnæði og aðstöðu skólans og nota fjölbreyttari og sýnilegri aðferðir til að safna og skrá þroska og námsferil barnanna. Einnig kom fram að starfið sem unnið er á deildum er ekki nógu sýnilegt og það vanti meiri upplýsingar um námsframvindu og líðan barnanna. Aftur á móti má segja að könnunin var tekin fyrir foreldrasamtöl í vor þar sem mikið af þessum upplýsingum komu fram og heyrðum við að foreldrar hefðu svarað könnuninni á annan hátt ef þeir hefðu tekið hana eftir foreldrsamtölin. Þegar vinna við skipulag næsta skólaárs fer í gang verða þessi atriði höfð að leiðarljósi til að gera gott starf enn betra í Kirkjubóli. Heimasíða skólans fékk einnig lágt skor úr könnuninni og verður farið strax í þá vinnu að laga hana til og gera betri. Búið er að ráða í allar stöður fyrir haustið nema okkur vantar deildarstjóra á yngstu deildina. Mikill fjölbreytileiki er í starfsmannahópnum sem telur m.a. fjóra karlmenn.

Við horfum björtum augum fram á næsta skólaár með frábæran og metnaðarfullan starfsmannahóp og full tilhlökkunar að starfa í endurbættu og stærra húsnæði.